Markús Magnússon
stiptprófastur.
Viðey 1826.

720
Mar

Stutt

Æfi-Minníng

Sáluga Stipt-prófastsins

MARCUSAR MAGNUSSONAR

flutt

vid hans *Jardarför*

þann 31ta Aug. 1825.

af

LANDSBÓKASAFN

ARNA HELGASYNI

Stiptprófasti, Prófasti í Kjalarness Þíngi og Dómkirkjupresti til Reykjavíkur.

VIDEYAR Klaustri, 1826.

Prentud á kostnad Lect. Theolog.
JÓNS JÓNSSONAR,
af Fact. og Bókþryckjara G. J. Schagfjord.



Ræda

haldin vid Jardarför

Stiptsprófasts

MARCUSAR MAGNUSSONAR

þann 31ta Aug. 1825.

Bænin.

Kénn oss, Drottinn! þannig ad brúka þær lífsstundir, hvert margar eda fáar eru, sem þín mildi géfur oss til undirbúnings undir þá ejlífd, sem vér allir stefnum til, og med degi hverjum þokumst nær, ad vér hédan förum audugir af gódum verkum, og hæfilegir til ad

njóta þeirrar sálu, sem ejlífdin hefir þeim geymda, er hér stundudu ad gjöra sig verduga fyrir ejlífi líf. Amen!

Eg þarf ecki ad spyrja ydur — hærstvyrdtu og elskulegu Tilheyrendur! — sem *David* spurdi fordum (2. Sam. 3, 38): *vitid þér ecki ad í dag er fallinn Höfdíngi og mesti madur í Jsrael?* Því ydur er alkunnugt hverr merkis madur hér er fallinn og til moldar búinn; ydur, sem kunnugt er mikid, gat verid kunnugt hid mesta, af æfi og lífs. atburdum þess hér frá-fallna kénnifödurs. Þér säud hans breytni, þér heyrdud hans uppbyggilegu kénníngar, þer vórud tídum vottar ad hans hollu og hyggilegu rádleggíngum, eda leitudud sjálfir til hans ráda og nutud góds af þeim, og gét eg þá gért rád fyrir, ad þér vitid ecki ad hér sé fallinn Höfdíngi í *Jsrael?* Hans hrósverda og uppbyggilega lífi brá ecki heldur ad eins fyrir ydur um stund, svo sem þá eldíng sjest, heldur skein hans ljós fyrir

ydar sjónum hartnær hálfa öld, bædi med sinni fullu byrtu, og líka med hinu blída, enn þótt dodnada qvöld-skini, og þetta ljós var helgad þessa Safnadar andlegu og líkamlegu naudsynjum. Þér kannist þvi vist vid, ad hér sé fallinn, og þó ecki fallinn, heldur inngenginn til Guds hvíldar, sofnadur med sínum Fedrum, einhverr hinn helzti madur þessa lands, merkilegasti Kénnimadur sinnar aldar, af-bragd ad líkhams-atgjörfi, hyggindum, ráddeild, mannkjærleika, blídlyndi, gédlempni, ættrækni og fleirum þeim mannkostum, sem gjöra lifid heidurlegt og uppbyggilegt, söknudinn mikinn, endurminnínguna kjæra og lánggjæda.

Enn þótt mínum Tilheyrendum sé kunnug ad miklu leiti æfi ens fráfallna Höfdingja, gjöri eg þò rád fyrir, ad þeim sé ecki ógédfeldt nú vid útför síns Kénnifödurs, ad heyra stuttlega framsögd hin helztu atridi af hans heidurlega og uppbyggilega lífi, hvad og má þéna til þess ad rótfesta hjá Ydur enn betur endurminníngu hins sofnada vinar og vel-

gjörara; hans, fem er þefs án efa maklegur; ad minning Hans verdi lengi uppi í þefsum Söfnudi, og í heidri hjá öllum þeim, er hann rétt þecktu.

Þetta er þá hid helzta, fem mér er kunnugt af

Æfifögu

sáluga Stipt-prófastsins

MARCUSAR MAGNUSSONAR.

Hann er fæddur ad *Vatnsfirdi í Ifafjardar* Sýslu, þann 2ann April 1748. Foreldrar Hans vóru *Magnús* Preftur *Teitsfon* til *Vatnsfjardar* og Prófaftur í *Nordur-Ifafjardar* Sýslu, og *Ingibjörg Markúfardóttir* Sýslumanns *Bergsfonar* í sömu Sýslu. Vor *Framlidni* ólft upp ad nokkru leiti hjá Ömmu sinni *Elinu Hjaltadóttur*, sem flutt var til Tengda-

sonar síns *Magnúsar* Prófasts *Teitsſonar* ad *Vatnsfirdi*. Fyrir rádſtöfun þessarar sömu komſt hann árid 1766 til Módurbródur síns *Björns* Lögmanns *Markúsſonar*, hverr ed sama ár ſetti hann í *Skálholts* Skóla til mentunar.

1770, eptir 4ra ára ſkólagaungu, var vor *Framlidni* útſkrifadur af *Mag. Bjarna Jónsſyni*, ordlögdum fyrir dugnad í sínu ſtandi, sidprýdi og alúd í öllu því, sem vidkom hans embætti. Sama árid vard hann Skrifari vid þá *Landnefnd*, er hér var um þad leiti í Konúngs erindagjördum, midandi *Islands* heillum til eblíngar. Med *Fjældſted*, sem var einn í þeſsari Nefnd, Módurfödur Amtmanns og konſtit. Stiptamtmanns *Hoppes*, reiſti hann um *Veſtfjördu* þetta ſumar hid ſama og ſigldi med honum árid eptir 1771 til *Kaupmannahafnar* Háſkóla; hafdi hann til þeirrar ferdar nokkurn ſtyrk af Mód-

urbródur sínum *Birni* Lögmanni; en drjúg vard honum adſtod *Fjældſteds*, ſem medal annars kom honum í kunníngsſkap vid þann nafnfræga Kammerherra *Súhm*, hverja gódvild vor *Framlidni* viſsi ſvo vel ad nota ſér, ad hann vard Kammerherrans meſta uppáhald*). I *Kaupmannahöfn* dvaldi vor *Framlidni* þángad til árid 1779, hafdi hann þá aflokid þeim yfirheyrslum vid Háſkólann, ſem lög bjóda þeim, er uppá preſtſkap hugſa; þad ſama ár kom hann inn til landsins braudlaus, en med beſtu vitnisburdi bædi fyrir lifnad og lærdóm. Árinu

*) Som dæmi hér uppá mætti þeſs géta: ad Kammerherrann lánadi vorum Framlidna opt penínga, og þá þad ſtundum vildi til, ad þeſsarar hjálpar var leitad, þá Kammerherrann var ecki heima, ſendi hann med Markúſa lykilinn ad penínga hyrdslu sinni, og lét hann sjálfann ſkila til konu sinnar, hverſu mikla penínga hún ſkyldi honum í þeſsu ſkyni afhenda.

ádur hafdi hann komid inn híngad med *Dr. Hannesi*, þá hann settist ad Biskupsstólnum, mest tilknúdur af vinskap vid þenna mikla mann. Amtmadur *O. Stephensen*, sídan Stiptamtmadur, og Stiptamtmadur *Thodal* gérdu sér þá mikid far ad því, annar ad yfirtala hann til ad sækja um *Garda* á *Akranési*, hinn ad taka Kapelláns braud í *Gördum* á *Alptanesi*, en til þess ad því heldur gæti verid viss um ad fá med hentugleikum gott braud, var naudsyn ad hann sigldi aptur — því enn þá hafdi hann ekki afstadid yfirheyrslu í Gudfrædinni. — Öll hins *Framlidna* vera vid Háskólann, ad því sumri medtöldu, sem hann dvaldi hér á landi, var því 8ta ár og fyri þann, sem med skriftum verdur ad miklu leiti ad hafa af fyri sér, má þad ekki heita lángur tími.

Arid eptir ad vor ſæli *Framlidni* kom inn 1780, var hann kalladur Kapellán af Þeim Preſti og Prófaſti Héradſins, ſem Þá héldt *Garda* Stad, *Gudlaugi Þorgeirsſyni*; Vígslubréf hans er útgéfid Þ. 2ann Okt. ſ. á. en braudid var honum veitt árid eptir. Arid 1782 var hann kjörinn Prófaſtur í *Kjalarness* Þíngi og héldt Því Embætti Þángad til árid 1821. Stiptprófaſtur vard hann 1796 og var Þá annar í Biſkups vali med *Vidalín*, er Embættid hlaut.

Auk Þeirra ſtarfa, ſem Embætti hans upp frá Þeſsu lagdi honum á herdar, var hann tídum fenginn til ýmislegra annara og vandaſamra ſtarfa, vegna hans alÞekktu greindar, gódvilja og framtaksſemi. Þannig var hann hinn 3ji í *Nefnd* Þeirri, ſem eptir Biſkups *Vidalíns* óſk var ſett til ad koma lagi á efna-hag hans; ſömuleidis var hann fenginn til med 2ur

ödrum Nefndarmönnum í þeſſum Sóknum, ad uppgéra dánar-bú Amtmanns *Wibes.* Þegar *Landsuppfrædíngar Félagid* hér var ſtiptad, var vor *Framlidni* eigi ad eins fenginn til ad ega þar í hlutdeild, heldur og til ad undirbúa til Prentunar *Stúrms Hugvekjur,* hverjum hann ádur hafdi ſnúid á íslendſku til húſsleſtra í heimahúſum; en þeſs *ſunnlendſka Leſtrar Félags* eginlegi Stiptari ſkal hann hafa verid, áſamt ſál. Landphyſ. *J. Sveinsſyni.*

Ekki einúngis upp frá því *Sættanefndir* vóru tilſkipadar hér á landi og Stiptamtmenn hættu ad vera Forlíkunarmenn hér í Sýslu, fyrir utan *Seltjarnarness* Hrepp, heldur og ſtrax, ſem hann var ordinn Preſtur þeſsara Sókna, gérdi ſér annt um ad nidurjafna allar þær misklídir, ſem í þeſsu fjölbygda pláſi hljóta upp ad koma, má þad og teljaſt ſem vott-

ur hans frammúrskarandi greindar og lempni, ad aldrej urdu málasóknir úr slíkum misfáttum, já! ecki einúngis í sínum Sóknum, heldur og annarstadar, átti hann gódann þátt í ad nidurjafna misfáttir og ætíd med gódum ávexti, eins þar, sem meiriháttar menn áttu hlut ad máli. þá hann sjálfur vard fyri mótgjördum, þurfti ecki til sátta ad koma, því honum var nærsta lagid ad sigra íllt med gódu og enginn var fúsari til enn hann ad aúdsýna öllum, hánm og lágum alla mögulega gódvild og þénustusemi.

I Búſtjórn sinni var hann bædi atorkusamur og greindur. Vegna þess ords, er hann hafdi á sér hér fyrir, var hann 1817 kosinn af enu konúnglega *Landbúſtjórnar - Félagi* medlimur til ad skrifast á vid, um eitt og annad Búſtjórn vidvíkjandi hér á landi. þetta merkilega Félag sendi honum og ár-

lega upp frá því kál-fræ til géfins útbýtíngar fyrir hans tillögur, ſtundum og Jardepli. Gardyrkju lét hann og mjög ſtunda med mikilli heppni, eins og hann med ordum og eptirdæmi átti mikinn þátt í ad hùn útbreiddiſt til muna um hans Sóknir og vídar. Hjúin, ſem opt vóru mörg á hans fræga heimili, fóru ecki varhluta af þeim mann-kjærleika, ſem audkénndi allt hans líf, bædi þau, ſem giptuſt frá hans húſi og hin, er í því veiktuſt eda eldtuſt á hans heimili, áttu víſt athvarf þar ſem hann var. En hvílíkur bjargvættur hann var ſínu marga Ætt- og Tengdafólki, er kunnúgra og einſtaklegra dæmi enn ſvo, ad hér ſé verdt ſtuttlega á þad ad minnaſt.

Kjör hans vóru þeſsi í lífinu: á ýngri árum var fiárhagur ervidur og jafnvel þángad til hann med ſinni ſein-

ustu konu féck töluverdar eigur; en upp frá því vard ecki fé?kortur. A þessu skeidi æfinnar festi ecki á honum fé?kortur, því fiör og heilbrigdi líkhamans, blídlyndi og kraptur sálarinnar hratt þá af sér hverjum ördugleika. A enum efri árum ásókti hann vanheilsa líkhamans, helzt töluverd iktsýki; hverja þjáníngu hann þoldi med mikilli stillíngu og karlmennsku.

Sá mótlætis madur var hann héradauki, ad fyrstu konu sína vard hann ad jardleggja eptir ecki fulla hálfs árs sambúd; þá adra eptir 5 ára samveru; med þessari átti hann 3 sonu, er allir dóu á 1ta æfi-ári; en saman vid hina þridju konu bjó hann í 30 ár, hverrar tvo syni hann elskadi sem sín egin börn, og arfleiddi þann þeirra, sem enn er lífs, ad sínum eptirlátnu eigum. þessi

géck

géck honum og í sonar stad og var á-samt hans elli-ára adstod og yndi.

Eptir ad hafa þannig starfad og þannig lidid, géck vor *Framlidni* til sinnar sídustu hvíldar og endadi sitt heidurlega og starfsama *líf* þann 21ta dag Augústi mánadar 1825, med svo hægu andláti ad líkara vyrdtist svefni enn dauda. Allur hanns aldur var þá þad á 78da ár, sem er sídan 2ann Apr. þ á. Prestur hafdi hann þá verid hardtnær 45 ár. Kapellán hafdi hann haldid vid og vid vegna líkhams þýngsla og vanheilsu sídan 1812, en stödugt 3 sídustu ár *Æfinnar.*

Þessi eru hin helztu atridi af Æfi ydar framlidna Kénnifödurs, K. T. Þeir, sem þecktu hann grant, munn vid þad kannast ad hann var einhverr hinn merkilegasti madur, þeirra, er honum samtída uppi vóru, merkilegur af

sínum verkum og kjörum Verkum, sem öll höfdu á sér audkénni blídrar og mannkjærleiksfullrar sálar, hygginda og atorkusemi; kjörum, sem eins og tídt vidgengst, vóru í mörgu tilliti raunaleg. Eg bæti því samt vid: ad umgeingni hans var mjög ljúfmenskufull og gladvær, hvernig sem á hans högum stód; Hann mátti med mesta rétti heita hvers manns hugljúfi; úrrædagódur í mannraunum allra, sem hans leitudu og lidsinnis vidþurftu; fjærlægt var honum eins ad tala nockrum til stygdar, og ad gjöra nockrum manni nockud til meins. Þetta kynni ad hafa géfid tilefni til þess sumumhverjum, ad hrósa minna hans einlægni, heldur enn hans ráddeild og gódsemi; vandi reynist tídum ad haga sér svo ad öllum líki, eins í þessu ad halda medalveg milli beryrda og blídmæla, og margur hverr, sem ad því finnur, ad adrir séu ecki nógu skorinordir, eru þannig skapi farnir, ad þeir hvad verst þola beryrdin.

Hvílíkur Kénnimadur hann var, mun öllum þeim minnisstædt, sem kost áttu á ad

heyra hans málſnildarlegu Rædur, á hverjar margar ecki annad ſkorti til ad vera meiſtaraſtycki, nema kannſké á sínum ſtödum midur vandad ordfæri enn ſkyldi. Þær vóru og framfluttar med allri þeirri einlægni og krapti, sem eykur ordanna verkun, og géfur þeim inngang ad mannſins hjarta.

I öllu sínu lífi var hann uppbyggilegur og ráddeildarfullur dugnadar-madur, þar med var samfara einkanlega gott hjarta og gódvild til allra, sem hann tilnádi; med þessum og fleirum mannkoſtum ávann hann sér, ad makleglеikum, heidur og elſku allra þeirra, sem hann þecktu, og hverki ſkorti vit né vilja til ad heidra og elſka þad hjá honum, sem var heidurs- og elſku-verdt.

Margir, ecki ad eins í hans fjölmennu Sóknum, heldur og vída útifrá, höfdu hann fyrir rádanaut í því, er þeim þotti nockru varda, og rád hans brugduſt þeim traudlega, sem fylgdu þeim.

Tamt var honum ad líkna naudftöddum, med heilrædum, gódum tillögum og gjöfum. Grunur minn er sá: ad mörgum megi einnig í þessu vera ad honum eptirsjón. Ecki einúngis þessum Sóknum má vera eptirsjón ad þvílíkum manni, heldur öllum þeim, sem hann þecktu; þessar Sóknir hafa þó því heldur orsök til Saknadar, sem lengur nutu ávaxta hans lífs í andlegum og líkhamlegum efnum; því færri eru þeir á hverri öld, sem komift jafnsídis þeim Framlidna í mörgum dugnadi og hjartagjædfku.

En — lengi audnadift Landi voru ad njóta þessa dugnadar- og merkis-manns; lengi þessari Sókn ad hafa hann fyrir Kénnifödur. Líf hans gat nú ecki lengur verid Sóknunum til töluverdrar uppbyggíngar, ecki heldur honum sjálfum til töluverdrar unadsemdar; mettur af lífdögum, er hann víft inngenginn til Guds hvíldar — þeim þreyttu er þörf

á hvíld

á hvíld — þöckum þá Gudi fyrir þad, sem hann gaf! á tæki tíd tekur hann fullvaxin blóm og vill ad önnur vaxi slík. En — tilhlýdi'egt er ad hans minníng verdi hjá oss öllum, og þó einkum hjá hans Sóknarbörnum, lengi í heidri og blessun — hjá þeim, sem hann fræddi og uppörvadi til góds, hugsvaladi í mannraunum, gaf heilrædi í vandrædum, líknadi í þrautum; Hjá ættíngjum, hverra Sómi og adstod hann var; hjá vinum, sem reyndu hans stadföstu trygd. Allir þessir hafa þá skyldu á herdum, ad heidra og elska endurminníngu hins Framlidna, og gyldustu orsök til ad bidja þann, sem tók sína gjöf, ad bæta sér missirinn; allir til ad bidja Gud ad géfa landi voru á hverri öld nockra jafn-duglega, góda og uppbyggilega menn; og í því vér nú jardleggjum Lík þessa merkilega manns

og Prests, hjá moldum hans, ecki fáu undanförnu áſtfólgnu, hvetra samfunda hann vissulega nockra ſtund vænt i, bidjum vér Drottinn ad bæta þeim Söfnudi missirinn, sem þessi Kénnifadir er frá tekinn, med því ad senda honum í hans ſtad, hygginn, rádvandann og uppbyggilegann mann — já, Drottinn! útvel í ſtad þess burtkallada þann, sem beſt er tilfallinn ad reka hér þitt erindi, vidhalda og útbreida þeckíngu þíns nafns, sanna gudrækni, einlægann mannkjærleika, þad er: kriſtilegt hugarfar og háttalag. Amen.

GRAF-SKRIFTIN,

er á Lik-kistunni stód, hljódar þannig:

Vir
Cujus hic repositum jacet corpus
MARCUS MAGNI FILIUS.
Natus est. VI. nonarum Aprilis MDCCXLVIII.
Sacerdotis muneri præfuit XLV. annos.
Præpositi fere totidem
Episcopales vices unum annum,
et quidem cum laude administravit:
Consilii, humanitatis & patientiæ plenus
Multa fecit honeste, tulit pie & patienter.
Cognatorum vixit eximius evergeta.
Ordinis decus, omnium deliciæ.
Ætatis suæ vir primarius, scriptis quoq; notus.
Tres ductas uxores ipse, ab unaq; harum
tres succeptos filios infantes, sepelivit.
Tandem ipse annis & honore onustus
vitam placida morte deposuit
XII. Calend. Septembris MDCCCXXV.

In tenebris lucis radius solatur euntem
Cum mors atra venit, proderit esse probus,
Namq; salus coeli parta' est cum vita recedit
Justis. In terris fama superstes erit.

Þad er á Islendsku:

Madur,
sem hér er lagdur lík
MARCUS MAGNUSSON,
Er fæddur 2ann April 1748.
Var Prestur 45 ár, Prófastur hardtnær eins lengi.
Gégndi Biskups Embætti med hrósi eitt ár.
Rád-deildar, mann-kjærleika og Þol-
gædis audugur.
Gjördi Hann margt heidurlegt,
Bar margt gudrækilega med Þolgædi.
Ættíngja einstakur Velgjörari.
Sins stands prýdi, allra hugljúfi,
Aldar sinnar Höfdíngi.
Af Ritum einnig frægur.

Yfir útför þriggja Qvenna og þriggja Sona,
er allir dóu ómálga, hefir Hann ſtadid,
Lokſins hladinn af heidri og árum
Endadi H a n n lífid med hægu andláti,
þann 21ta Augúſti 1825.

Geisli þeim gledi er,
Sem gengur myrkann ſtig,
Daudans þá dal um fer,
Dygdin mun hugga þ i g,
Himna dýrd horfir móti,
Ordstýr á fold ej felur ſig.





